

Ritari

Ritari óskast til starfa á fagsviði eldri barna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Sviðið sinnir börnum á aldrinum 6-18 ára.

Starfssvið

- Starfið felst í almennum ritarastörfum, svo og skipulagningu og úrvinnslu verkefna í samvinnu við sérfræðinga sviðsins, t.d. boðun skjólstæðinga, boðun og úrvinnslu funda, símsvörun, útsendingu gagna og öðrum verkefnum sem tengjast starfsemi sviðsins/stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla af ritarastörfum
- Almenn tölvukunnátta, góð þekking á Word og Excel. Reynsla af Outlook og GoPro er æskileg.
- Leitað er að starfsmanni með góða samskiptahæfni og getu til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Um er að ræða 80-100% starfshlutfall og gott að viðkomandi geti hafið störf í ágúst eða eftir nánara samkomulagi. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi SFR við ríkissjóð.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Digranesvegi 5, 200 Kópavogi, eða í tölvupósti á gudrunth@greining.is fyrir **25. júní 2018**. Öllum umsóknum verður svarað.

Vegna kynjasamsetningar á vinnustaðnum eru karlmenn hvattir til að sækja um.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Þorsteinsdóttir, sviðstjóri í síma 510-8400.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er framsækin stofnun með fjölskylduvæna starfsmannastefnu sem býður m.a. upp á sveigjanlegan vinnutíma. Nýir starfsmenn fá handleiðslu og starfsþjálfun á aðlögunartíma og er lögð áhersla á þróun í starfi og tækifæri til sí- og endurmenntunar. Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaskerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra. Sjá nánar á www.greining.is.